


# Hlaupmiðun auðveldar stillingu kíkja á rifflum.



Hlaupmiðun: Horft í gegnum hlaup (a) á skotskífu og kíkir (b) stilltur í miðju hennar.

**Hlaupmiðun er fljótleg og einföld leið til að stilla kíkja á rifflum.**

**Við göngum ávallt úr skugga um að riffillinn sé óhlaðinn áður en við skoðum eitthvað annað...**

**Fyrst og fremst:**

Áður en hafist er handa við að stilla kíkinn á riffilinum, þarf að ganga úr skugga að kíkirinn sé rétt festur á riffilinn. Það er mjög áriðandi fyrir byrjendur að fá aðstoð þeirra sem til verka kunna í þeim efnum. Það eru ýmis atriði sem þurfa að vera rétt í ásetningu kíkis áður en farið er að skjóta úr riffilinum. Það er auðvelt að skemma kíkinn sem er ekki réttur í festingunum þegar hringirnir eru skrúfaðir fastir. Það getur verið að kíkirinn sé ekki lóðréttur, þ.e. krossin hallar, sem leiðir til þess að riffillinn setur til vinstri eða hægri á öðrum færum en þeim sem hann er núll-stilltur inn á.

**Kíkirinn komin á:**

Eftir að gengið hefur verið úr skugga um að kíkirinn sé rétt festur á riffilinn getur stilling hans hafist, en best er að byrja á að stilla fókus og parallax ef kíkirinn er með parallax stillingu.

## Stilling kíkja

Skrifað af: Kjartan Friðriksson

---


### Fókusinn stilltur:

Til að stilla fókusinn er hringurinn á afturenda hans notaður. Þetta er venjulega samskonar stillihringur og á sjónaukum almennt. Kíkja með parlaxstillingu þarf að stilla á lengsta færi á parlaxstillingunni áður en fókusinn er stilltur og stilla kíkinn á mestu stækkun. Til að stilla fókusinn er einfalt að t.d. horfa í gegnum kíkinn upp í heiðan himininn og eða hvítan vegg heima. Ef litið er snögg á krossinn í kíknum - á hann að vera hárskarpur og svartur. Ef hann er það ekki þarf að stilla fókusinn samkvæmt sjón viðkomandi. Ath að ef horft er lengi á krossinn við þessar aðstæður byrjar augað að aðlaga sig, fókusera. Til að koma í veg fyrir að menn þreytist í auganu ef fókusinn er ekki réttur - þarf að nota aðferðina sem nefnd var hér á undan, þ.e. að líta eldsnögg í kíkinn, krossinn á að vera í fókus og svartur um leið og litið er á hann - þá er komin rétt fókusstilling fyrir þann sem horfir í gegnum kíkinn.

### Parlax stiling:

Kíkir með mikilli stækkun, 12x og meira eru oftast með parlax stilingu. Parlax í kík lísi sér þannig að ef rífillinn er td. fastur í skorðum á borði og horft er í gegnum hann á fastan hlut í vissri fjarlægð, td. á 100 metrum, og augað síðan fært örlítið til en samt ekki það mikið að sjónmyndin hverfi og án þessa að hreyfa rífillinn, þá á krossinn að vera hreyfingarlaus á sama punktinum. Ef hreyfing er á krossinum, hann færast til upp eða niður og til hliðar, miðað við skotmarkið sem krossinn miðar á, er parlax í kíknum. Það sem gerist við þessar aðstæður er að brennipunktur myndarinnar er rétt fyrir framan eða aftan krossin í kíknum. Til að stilla þessa hreyfingu út er sérstakur búnaður á kíkjum (parlaxstilling) með mikilli stækkun og oftast eru færin merkt inn á parlaxstillinguna. Ef færin eru ekki merkt er parlaxinn stilltur þannig að parlaxstillingin er færð þar til sjónmyndin er komin í fókus. Kíklar ætlaðir til veiða eru sjaldnast með þessum búnaði, enda eru kíklar með stækkun til allt að 10X nær parlaxfríir út á 300 metra færi eða parlax er það lítil að augað greinir það varla. Þessi parlax kemur ekki að sök í veiði, þar sem skekkjan er oftast ekki meiri en u.þ.b. 2-4 cm á 400 metra færi.

### Stilling kíkisins:



# Stilling kíkja

Skrifað af: Kjartan Friðriksson

---

